

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976.**

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 300 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 3600 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 273 2. júlí 1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 302

23. júní 1987

AUGLÝSING

**um sameiningu Ketildalahrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu við
Suðurfjarðahrepp í sömu sýslu.**

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Ketildalahrepp í Vestur-Barðastrandarsýslu og Suðurfjarðahrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Bíldudalshreppur.
2. Bíldudalshreppur skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Ketildalahreppi og Suðurfjarðahreppi.
3. Íbúar Ketildalahrepps og Suðurfjarðahrepps skulu vera þegnar hins nýja Bíldudalshrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi Ketildalahreppi og Suðurfjarðahreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags, Bíldudalshrepps.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Ketildalahrepps og Suðurfjarðahrepps skulu afhent Bíldudalshreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Suðurfjarðahreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Bíldudalshrepps. Kjörtímabil hennar er til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. júlí 1987.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Húnbogi Þorsteinsson.